

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 14. júlí 1969.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

22. september 1969.

Nr. 88.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 22. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Í 41. gr. A. a. 2. málsg. falli niður orðin „Skulu þeir stúdentar ... hvorri tveggja grískunni“.

Í 41. gr. A. b. 2. málsg. falli niður orðin „Skulu þeir stúdentar ... úr hebreskri biblíu (útgáfu Kittels)“.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. september 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Arni Gunnarsson.